

Markmið

Traust kunnátta í móðurmáli er meginundirstaða staðgóðrar menntunar. Í aðalnámskrá grunnskóla er hæfniviðmiðum fyrir íslensku skipt í fjóra flokka en þeir eru talað mál, hlustun og áhorf, lestur og bókmenntir, ritun og málfræði. Á þessu skólaári verður unnið eftir eftirfarandi hæfniviðmiðum:

Að nemendur geti:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- tjáð sig skýrt og áheyrilega og gert sér grein fyrir gildi góðrar framsagnar
- tjáð eigin skoðanir og tilfinningar og haldið athygli áheyranda, m.a. með aðstoð leikrænnar tjáningar
- tekið þátt í samræðum og rökræðum samkvæmt reglum
- hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum
- nýtt sér myndefni og rafrænt efni á gagnrýninn hátt
- átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteis

Lestur og bókmenntir:

- lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað
- lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð og bókmenntir ætlaðar börnum og unglingum
- lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann
- beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem ríma, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap
- greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap
- aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðuleika upplýsinga
- valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju

Ritun:

- skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og notað orðabækur
- valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni
- samið texta frá eigin brjósti, svo sem sögu, frásögn, ljóð eða skilaboð
- beitt helstu atriðum stafsetningar og greinamerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim
- nýtt sér fyrirmyndir í ritun, svo sem af lestri bóka, blaða eða rafræns efnis

Málfræði:

- notað góðan orðaforða í ræðu og riti og nýtt sér málfræðikunnáttu sína við orðmyndun, tal og ritun
- nýtt sér kunnáttu og færni til að fletta upp orðum orðabókum og öðrum gagnabrunnum um mál
- beitt þekkingu sinni á málfræðilegum hugtökum í umræðu um mál, ekki síst eigið mál, talað og ritað

Kennsluaðferð / vinnulag

Skólaárinu hefur verið skipt upp í átta fjögurra vikna lotur. Í hverri lotu er unnið að ýmiss konar verkefnum tengdum hæfniviðmiðunum. Eftir hverja lotu verður farið yfir vinnubækur, lagt fyrir könnun og gerð verkefni. Námsmat er fjölbreytt og nemendur taka virkan þátt í matinu, t.d. með sjálfsmati, jafningamati og leiðsagnarmati en það getur nýst nemendum í vinnu í næstu lotu. Markmiðið með lotuvinnunni er að nemendur læri að bera meiri ábyrgð á eigin námi og þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum. Verkefnin verða ýmist unnin sem einstaklings-, para- eða hópavinnu í bland við innlagnir kennara og stöðvavinnu.

Námsmat

Jafningjamat og sjálfsmat
Leiðsagnarmat
Frammistöðumat: Virkni og vinna í tíma
Þátttaka á bekkjarfundum
Lesfímipróf MMS lögð fyrir í september, janúar og maí
Lesskilningspróf lögð fyrir í nóvember og apríl

Námsgögn

Mismunandi gæðatextar (ljóð, fræðigreinar og íslendingasögur)
Hinar ýmsu verkefnabækur (Orðspor 2, Málrækt 2, Annar smellur)
Ritunarbók
Lestarbækur og yndislestrarbækur
Ljósrituð verkefnablöð
Spil og hlutbundin vinna